

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togbáta í maí 1980.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1980 til og með 7. maí 1980 eru togskipum, öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl og stærri og togskipum, 39 metrar og lengri, bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Á þeim tíma, sem togbátar mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Komi togbátur með afla að landi á tímabilinu 1.—7. maí 1980 og hlutur þorsks í afla reynist hærri en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. Sama gildir komi togbátur að landi eftir 7. maí, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu 1.—7. maí 1980.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1978, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón B. Jónasson.